

Verður því við það að miða að stefnandi hafi starfað samkvæmt ótímabundnum ráðningarsamningi árið 1984.

Óumdeilt er í málinu að stefnanda var ekki sagt upp störfum vorið 1984, hvorki skriflega né munnlega. Samkvæmt þessu verður niðurstaða dómsins sú að stefnda beri að greiða stefnanda kaup í 3 mánuði miðað við 1. september 1984, en þá var ljóst að stefnandi gat eigi hafið störf hjá stefnda þar sem annað fólk hafði verið ráðið í hennar stað. Miða ber fjárhæðina við sundurliðun stefnanda, sem ekki hefur verið hnekkkt efnislega. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 35.931,00 með dómvöxtum frá 1. nóvember 1984 til greiðsludags og málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 24.000,00.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómara.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Bæjarsjóður Seltjarnarneskaupstaðar, Seltjarnarnesi, greiði stefndanda, Jóhönnu Felixdóttur, Lindarbraut 7, Seltjarnarnesi kr. 35.931,00 með dómvöxtum frá 1. nóvember 1984 til greiðsludags og kr. 24.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 106/1986. **Hálfván Ó. Guðmundsson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co. sf.

Snorra Kristjánssyni

Kristjáni Snorrasyni

Júlíusi Snorrasyni

Birgi Snorrasyni og

Kjartani Snorrasyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Stefnubirting. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skauti máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1986. Hann krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði ómerkður og málinu vísað frá héraðsdómi. Hann krefst þess einnig að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað in solidum fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur áfrýjandi lagt fram vottorð Hagstofu Íslands, þjóðskrár 30. janúar 1987 þar sem fram kemur að hann eigi þá lögheimili að Fálkagötu 26 hér í borg og hafi svo verið frá 15. desember 1981. Einnig hefur verið lagt fram vottorð Manntals-skrifstofu Reykjavíkurborgar um að áfrýjandi hafi átt lögheimili að Fálkagötu 26 frá 15. desember 1981. Þá hefur áfrýjandi einnig lagt fyrir Hæstarétt tilkynningu til firmaskrár 18. mars 1975 um eignar-aðild stefndu að Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co.

Samkvæmt gögnum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, átti áfrýjandi skráð lögheimili að Fálkagötu 26 hér í borg er mál þetta var höfðað. Er ekki í ljós leitt að birting héraðsdómsstefnu á hendur áfrýjanda hafi ekki mátt takast skv. 1. mgr. 95. gr. sbr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Voru ekki skilyrði til að höfða mál þetta með birtingu stefnu í Lögbirtingablaðinu sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Ekki er fram komið að þörf hafi verið að beina áfrýjun málsins að eigendum Brauðgerðar Kr. Jónssonar á Co. sf. persónulega.

Stefndi Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co sf. greiði áfrýjanda Hálf-dáni Ó. Guðmundssyni 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæsta-rétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Brauðgerð Kr. Jónsson & Co sf., greiði áfrýjanda, Hálfdáni Ó. Guðmundssyni, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Stefndi, Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co., gaf út áskorunarstefnu á hendur áfrýjanda og var reynt að birta hana á Fálkagötu 26, sem er, og var einnig á þeim tíma, lögheimili áfrýjanda samkvæmt gögnum málsins. Þar sem birting tókst ekki verður að telja að stefndi hafi ekki átt annarra kosta vöð en að birta stefnu opinberlega samkvæmt 95. gr. laga nr. 85/1936 og verði það að teljast lögleg birting. Samkvæmt því tel ég að hafna eigi kröfu áfrýjanda um að héraðsdómur verði ómerktur og málinu vísað frá dómi og dæma áfrýjanda til þess að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. febrúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með opinberri stefnu birtri í Lögbirtingarblaðinu þann 21. nóvember 1985 af Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co sf., nnr. 1419-8121, gegn Hálfðáni Ó Guðmundssyni, nnr. 3537-4299, áður til heimilis að Fálkagötu 26, Reykjavík en nú með óþekkt heimilisfang, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 109.436,80 með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 109.436,80 frá 26.3.1984 til 1.9.1984, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til 1.2. 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til 1.3.1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði 26.3.1985, af kr. 146.645,31, með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til 1.6.1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til 1.9. s.á., og með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, þá þannig að heimilt verði að bæta vöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti og bæta vöxtum við þannig fundinn höfuðstól, og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þá er enn fremur krafist að staðfest verði með dómi að ofangreind skuld verði tryggð með 3. veðrétti í kjallara hússins nr. 26. við Fálkagötu í Reykjavík, skráðri eign stefnda.

Málsatvik og málsástæður.

Stefnandi kveður skuld þessa vera skv. vixli að höfuðstól kr. 104.176,00 útgefnum og framseldum þann 12.12.1983 af stefnanda, en samþykktum til greiðslu af stefnda þann 28.1.1984 í Iðnaðarbanka Íslands hf., Akureyri. Þar sem stefndi hafi ekki greitt víxilinn, hafi stefnandi orðið að innleysa hann þann 26.3.1984 með kr. 109.436,80, sem sé stefnufjárhæð. Vixillinn sé árit-

aður „án afsagnar“. Stefnandi kveður vaxtakröfu vera byggða á reglum Seðlabanka Íslands. Þess er krafist að heimilað verði með dómi að leggja vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti og reikna vexti af þannig fundnum höfuðstól. Vextir fyrstu 12 mánuði til 26.3.1985 séu samtals 34%, eða kr. 37.208,51. Frá því fyrsta 12 mánaða vaxtatímabili ljúki, sé því krafist vaxta af kr. 146.645,31 sem sé samtala höfuðstóls og vaxta.

Stefnandi kveður ofangreindan víxil vera framlengingu á tveimur víxlum, samþykktum til greiðslu af stefnda þann 10.12.1983 og 20.12.1983, sem hvor hafi verið að fjárhæð kr. 70.000,00, og tryggðir hafi verði með 3. veðrétti í íbúð í kjallara hússins nr. 26 við Fálkagötu í Reykjavík, skv. þinglesnu tryggingarbréfi, útgefnu af stefnda, þann 30.9.1983. Mismun fjárhæða hafi stefndi greitt við framlengingu skv. uppgjöri.

Með stefnu útgefinni þann 19.10.1984 hafi verið höfðað mál á hendur stefnda. Birting stefnu hafi ekki tekist vegna breytts heimilisfangs stefnda og hafi ekki tekist að finna nýtt heimilisfang. Sé stefnanda því nauðsyn á opinberri stefnu á hann.

Lagarök.

Um lagarök vísar stefnandi til víxillaga nr. 93/1933.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Rétt þykir að taka til greina kröfu stefnanda um að dráttarvöxtum verði bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti og dráttarvextir síðan reiknaðir af þannig uppfærðum höfuðstól. Styðst þetta við auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti, verðtryggingu o.fl.

Þá þykir rétt að taka til greina kröfu stefnanda um að staðfest verði með dómi að dómkröfur hans verði tryggðar með 3. veðrétti í kjallara hússins nr. 26 við Fálkagötu í Reykjavík, skráðri eign stefnda.

Málkostnaður ákveðst 15.600,00.

Dóminn kvað upp Sigurður T. Magnússon, ftr. yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hálfán Ó. Guðmundsson, greiði stefnanda, Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co sf., kr. 109.436,80 með 2,5% mánaðarvöxtum frá 26.3.1984 til 1.9. s.á., en með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.2.1985, en með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.3. s.á., en með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 26.3. s.á., en með sömu vöxtum af kr. 146.654,31 frá þeim degi til 1.6. s.á., en með 3,5% mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.9. s.á., en með 3,75%

dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.600,00 í málkostnað. Heimilt er að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti og reikna síðan dráttarvexti af þannig uppfærðum höfuðstól. Staðfestur er veðréttur skv. tryggingabréfi dags. 30. september 1983 í kjallara hússins nr. 26 við Fálkagötu í Reykjavík til tryggingar dæmdum kröfum.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu hans.

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 92/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Jóni Þór Grímssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var af hálfu ákærvalds áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar sl. til þyngingar, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi.

Sannað er að ákærði gerðist sekur um þau brot sem honum eru gefin að sök.

Með því að vera undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðar 4. júní 1986 hefur ákærði, miðað við alkóhól í blóði hans, 0,86‰, brotið gegn 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Neysla áfengis sem ölvuninni olli telst hins vegar ekki sjálfstætt brot sem refsað verði fyrir samkvæmt 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Ákærði olli árekstri með ógætilegum akstri er hann tók beygju af hringtorgi inn á Esjubraut. Hefur hann þannig brotið gegn a, c- og d-liði 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Þar sem ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi hefur hann með akstri sínum einnig brotið gegn 1. mgr. 27. gr. sbr. 81. gr. umferðarlaga.